

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ný-Íssköpun.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Ný-Íssköpun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Laugavegi 65, Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er efling og framkvæmd aðgerða sem styrkja og stuðla að langtíma sjálfstæði Íslands í öllum félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum aðstæðum þjóðarinnar.

Stofnunin skal vinna sem lausnarteymi og hugmyndaverksmiðja til að stuðla að endurskipulagningu íslensks sjálfstæðis í samræmi við sýn stofnendanna um stjórn málalega sterkt, sjálfstætt, réttlátt og efnahagslega stöðugt Íslandi á grundvelli:

- 1) Náttúruauðlinda landsins.
- 2) Menntunar og þekkingar.

Sjálfseignarstofnunin hyggst ná markmiðum sínum með styrkjum til rannsókna og ráðstefnuhalds sem getur stuðlað að því. Þá hyggst stofnunin standa fyrir samkeppnum með sama markmiði.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Páll Ólafur Eggerz, kt. 190451-3489, sem leggur fram allt stofnfé stofnunarinnar.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 852.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyrast stofnanda hennar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð tveimur mönnum til 5 ára í senn. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok hvers kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Stjórnin skal skipta með sér verkum og kjósa sér formann. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir beggja stjórnarmanna skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef báðir stjórnarmenn sækja fund. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Boðun stjórnarfundu.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hvor stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Skoðunarmenn.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Skoðunarmann má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykkt, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki beggja stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 12. október 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.